

Föstudaginn 25. október 1935.

Nr. 194/1934. Guðmundur Jónsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**Gústav A. Jónassyni lögreglustjóra í
Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Baldvin
Jónssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).**

Uppboðsgerð felld úr gildi.

Fjárnám fógetaréttar Reykjavíkur 4. ágúst 1934 og eftirfarandi uppboð 15. ágúst s. á.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi í lögreglurétti Reykjavíkur 13. apríl 1934 var áfrýjandi dæmdur til að greiða 1200 króna sekt í ríkissjóð fyrir áfengislagabrot. Með því að sekt þessi greiddist ekki, krafðist lögreglustjórinn í Reykjavík þess þann 3. ágúst f. á., að fjárnám yrði gert hjá áfrýjanda til innheimtu hennar. Var settur fógetaréttur daginn eftir á þáverandi heimili áfrýjanda, Bragagötu 31 hér í bæ, en ekki var áfrýjandi þá heima og enginn þar viðstaddur með umboð áfrýjanda til að gæta réttar hans. Setti fógeti honum því leigusala hans til að koma fram fyrir hans hönd við fógetagerðina. Umboðsmaður þessi gat ekki bent á neinar eignir, er áfrýjandi ætti og teknað yrðu fjárnámi. En umboðsmaður gerðarbeiðanda upplýsti þá, að áfrýjandi ætti kröfu eina á hendur þriðja manni samkvæmt dómi, uppkveðnum í gestarétti Reykjavíkur 26. maí 1934, að upphæð kr. 3800.00, auk vaxta og málskostnaðar. Og var krafa þessi síðan tekin fjárnámi, og jafnframt brýnt fyrir hinum setta umboðsmanni áfrýjanda að tilkynna honum fjárnámið. En áfrýjandi tjaist ekki hafa fengið vitneskju um

það, að krafa þessi var tekin fjárnámi, heldur að eins um það, að árangurslaus fjárnámstilraun hafi farið fram hjá honum. Þrem dögum eftir fjárnámið, eða 7. ágúst 1934, krafðist hinn stefndi lögreglustjóri uppboðs á áðurnefndri dómkröfu, og daginn eftir, eða 8. s. m., var auglýsing um uppboðið birt í Morgunblaðinu, og segir þar, að opinbert uppboð verði haldið „miðvikudaginn 25. þ. m.“ (þ. e. ágúst 1934) kl. 3 e. h. á skrifstofu lögmanns á Arnarhvíli, og að þar verði meðal annars seld „dómkrafa ca. 4000.00 kr.“ Í auglýsingu þessari átti uppboðsdagurinn að vera 15. ágúst, en ekki 25., enda bar 25. ágúst 1934 ekki upp á miðvikudag, heldur laugar- dag. Var því ný auglýsing birt í sama blaði föstudaginn 10. ágúst, eins að öllu sem hin fyrri, nema að uppboðsdagurinn var nú ákveðinn miðvikudaginn 15. ágúst 1934. Var og uppboðið haldið þann dag og með þeim úrslitum, að dómkrafan var slegin með- stefnda Baldvin Jónssyni stud. jur. fyrir kr. 500.00. Áfrýjandi tjáist enga vitneskju hafa fengið um upp- boðið áður en það fór fram og hafi hann því ekki getað gætt þar réttar síns.

Uppboði þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstarétt- ar með stefnu útgefinni 22. des. 1934, og hefir hann krafizt þess, að uppboðið verði fellt úr gildi og að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dóms- ins. Af hálfu hinna stefndu hefir verið krafizt stað- festingar á hinu áfrýjaða uppboði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu sína um ómerkingu uppboðsins byggir á- frýjandi á því, að það hafi ekki verið auglýst með nægum fyrirvara, að það, sem selja átti, hafi ekki verið nægilega skilgreint, að þess hafi ekki verið

getið, að uppboðið væri nauðungaruppboð og að ekki hafi verið greint, eftir hvers kröfu það skyldi haldið eða hver ætti kröfu þá, er selja skyldi.

Með því að auglýsing sú, er birtist í Morgunblaðinu 8. ágúst 1934 varð ónýt, þá kemur síðari auglýsingin, er birtist 10. s. m., aðeins til greina. En samkvæmt henni var uppboðið birt með aðeins 5 daga fyrirvara. Með því að áfrýjandi hefir hvorki beint né óbeint samþykkt svo stuttan fyrirvara, verður með hliðsjón af 1. málsg. 38. gr. laga nr. 27/1921 að telja hann ónógan. Verður af þessari ástæðu og án þess að meta þurfi þær aðrar ástæður, sem áfrýjandi hefir fært fyrir kröfu sinni, að fella hina áfrýjuðu uppboðsgerð úr gildi samkvæmt kröfu hans.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma hinn stefnda lögreglustjóra f. h. ríkissjóðs til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er úr gildi felld. Stefndi, Gústav A. Jónasson, lögreglustjóri í Reykjavík, f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, verkamanni á Hverfisgötu 100 í Reykjavík, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.